

# Reglur uppstillinganefndar VR

## um val stjórnarmanna í Lífeyrissjóð verzlunarmanna

### 1. gr.

#### Tilgangur

Samningur VR við SA og FA frá 23. apríl 2018 og samningur ASÍ við SA frá 24. apríl 2018 kveða á um að starfrækt skuli uppstillinganefnd sem geri tillögu til fulltrúaráðs um einstaklinga til setu í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

### 2. gr.

#### Skipun uppstillingarnefndar

Í uppstillinganefnd VR skulu vera fimm aðilar og tveir til vara, skipaðir af stjórn VR til eins árs í senn. Allir nefndarmenn skulu vera óháðir Lífeyrissjóði verzlunarmanna og vera í fulltrúaráði VR. Skipa skal í nefndina að loknum aðalfundi VR, þó eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Á fyrsta fundi nefndarinnar skal nefndin kjósa sér formann og varaformann.

### 3. gr.

#### Fundir nefndarinnar

Formaður uppstillinganefndar stýrir fundum hennar. Fundargerðir skulu ritaðar af starfsmönnum VR. Fundargerðir sem og ákvarðanir nefndarinnar í einstökum málum skulu vistaðar rafrænt með aðgengilegum hætti fyrir alla nefndarmenn. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma til kasta nefndarinnar. Mikilvæga ákvörðun má ekki taka án þess að allir nefndarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið.

### 4. gr.

#### Umsóknarferli

VR auglýsir eftir umsóknum um sæti í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir 7. janúar á síðasta ári kjörtímabils. Auglýsa skal á vef félagsins og helstu auglýsingamiðlum. Umsóknarfrestur skal vera tvær vikur. Skrifstofa VR tekur við umsóknum fyrir hönd uppstillinganefndar VR. Skipun stjórnarmanna í Lífeyrissjóð verzlunarmanna þarf að liggja fyrir eigi síðar en 1. mars í aðdraganda nýs kjörtímabils.

### 5. gr.

#### Hæfniskröfur og tilnefningar

Um hæfi fer samkvæmt 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Eins þurfa stjórnarmenn að vera fjárhagslega sjálfstæðir sbr. 9. gr. reglna FME nr. 180/2013. Stjórnarmenn þurfa að búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu skv. 6. gr. reglna FME nr. 180/2013. Auk þess þurfa stjórnarmenn að gangast undir munnlegt hæfismat hjá FME sbr. 16. gr. reglna FME nr. 180/2013.

Umsækjendur skulu vera launamenn og mega ekki vera sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði eins og þeir eru skilgreindir í 3. gr. laga VR. Gerð er krafa um að þeir greiði skyldubundið iðgjald til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og er æskilegt að umsækjendur séu félagsmenn í VR. Eldri félagsmenn eins og þeir eru skilgreindir í 3. gr. laga VR sem fá greiddan lífeyri frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna geta einnig verið umsækjendur.

Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem umsókn er rökstudd sem og önnur gögn sem uppstillinganefnd ákveður hverju sinni.

Við mat á hæfi umsækjenda skal líta til reynslu og þekkingar, m.a. á lífeyrismálum, kjarasamningum, stjórnun, áætlanagerð, reikningshaldi, lögfræði og fjármálamörkuðum.

Uppstillinganefnd skal hafa það að markmiði að stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á hverjum tíma sé þannig samsett að hún búi yfir fjölbreyttri þekkingu og reynslu sem nýtist sjóðnum við stefnumótun og eftirlit í því umhverfi sem hann starfar.

Uppstillinganefnd VR skal hafa samráð við uppstillinganefnd atvinnurekenda þannig að tryggt sé, eins og kostur er á, að stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að rækja hlutverk sitt.

## 6. gr.

### Val á stjórnarmönnum

Fulltrúaráð VR skipar fjóra stjórnarmenn í Lífeyrissjóð verzlunarmanna og einn til vara. Kjörtímabil stjórnarmanna er fjögur ár. Annað hvert ár skal kjósa tvo stjórnarmenn til fjögurra ára. Varamaður er kosinn til tveggja ára í senn.

Kynjaskipting innan stjórnar lífeyrissjóða skal vera þannig að hvort kyn skal eiga að lágmarki 40% fulltrúa í stjórn skv. 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Tillaga uppstillinganefndar skal vera þannig að kynjaskipting sé jöfn meðal aðalmanna.

Uppstillinganefnd leggur fram tillögu til fulltrúaráðs VR um tvo aðalmenn og einn til vara. Kosning skal fara þannig fram að kosið skal um hvern og einn, sem gerð er tillaga um, í leynilegri atkvæðagreiðslu.

Ef einhverri af tillögum uppstillinganefndar er hafnað af fulltrúaráði skal uppstillinganefnd vera tilbúin með nöfn umsækjenda sem hægt er að kjósa um á sama fundi. Tillögur þessar þurfa að fela í sér að kynjaskipting verði jöfn meðal aðalmanna.

Ef stjórnarmenn segja sig frá stjórnarmennsku eða fara úr stjórn af öðru tilefni þá tekur fyrsti varamaður af sama kyni sæti sem aðalmaður. Uppstillinganefnd gerir tillögu til fulltrúaráðs um nýjan varamann eða aðalmann ef kynjaskipting er ekki jöfn.

## 7. gr.

### Hámarkstími stjórnarsetu

Stjórnarmaður skal sitja að hámarki í átt ára samfelldum sem aðalmaður í stjórn lífeyrissjóðs á samningssviði SA og ASÍ. Stjórnarmaður má ekki taka sæti í stjórn sem aðalmaður lífeyrissjóðs á samningssviði ASÍ og SA á ný fyrr en að þremur árum liðnum.

## 8. gr.

### **Breytingar á reglum**

Reglur þessar eru samþykktar af fulltrúaráði VR. Ef gera á breytingar á reglunum þarf að boða til fundar í fulltrúaráðinu og kynna breytingar í fundarboði með minnst viku fyrirvara. Einfaldur meirihluti fulltrúaráðs VR þarf til að gera breytingar á reglum þessum.

Samþykkt af fulltrúaráði VR í Lífeyrissjóði verzlunarmanna, þann 18. desember 2018